

ÞÁ BAR GEST AÐ GARÐI

Um miðja þessa öld tók ég þá afdrifaríku ákvörðun, að flytjast af æskustöðvum mínum á bæinn Hvalnes undir Eystrahorni, sem þá hafði verið í eyði undanfarin ár. Ýmsir töldu í mikið ráðist - "Þú ætlar að láta þig hafa að fara í þessa einangrun" - var gjarnan sagt, og ég lét mig hafa þetta, nýgift með eiginmanni og elsta syni, þá rúmlega missiris gömlum. Þetta var löngu fyrir daga hringvegur og braut í Hvalnes lítið meira en rudd slóð, þar sem lækir og flóð úr lóninu fengu að fara sínu fram og ekki verið að ryðja snjó á vetrum út á þetta veraldarhorn.

Ekki höfðum við samt lengi dvalið þarna þegar gestir fóru að sýna sig, bæði kunnugir og óþekktir af heimafólki, svo einangrunin varð aldrei vandamál, sem betur fer. Þetta var endaslóði í vegakerfi sýslunnar, staðurinn stórbrotinn í landslaginu og virtist laða að sér fólk og þar með jarðfræðinga til rannsóknarstarfa.

Fyrstur þeirra sem dvaldi að sumarlagi í þeim hugleiðingum, var doktor Henson frá Nottinghamháskóla. Með honum var ungur stúdent. Þeir unnu að jarðfræðirannsóknunum í nærliggjandi fjöllum og töldu sig hafa komist í mikið gósenland í þeim efnunum.

Það mun hafa verið litlu seinna, eða um miðjan sjötta áratuginn, á falletum sumardegis, sem gest bar að garði á bænum. Hans spor áttu síðan oft eftir að liggja heim til okkar. Þetta var breskur jarðfræðingur, prófessor Walker frá Lundúna-háskóla. Fullu nafni heitir hann George Patrick Leonard Walker. Ekki hvarflaði að mér þegar hann kynnti sig á húströppunum sem jarðfræðingur frá London, að þarna væri á ferðinni maður, sem þegar væri farinn að vinna sér mikið álit sem vísindamaður og ætti eftir með rannsóknunum sínum að verða brátt hátt skrifaður í sínu fagi á heimsmælikvarða. Allt fas þessa manns fannst mér bera vott um högværð og lítillæti.

Ekki er það ætlun mín að fara út í vísindalegar vangaveltur í þessum línunum, til þess hef ég ekki lærdóm. Hér er meiningin að minnst mannsins prófessors Walkers.

Þegar sást til jeppa í hlaupinu innan við túnið, vissu allir á bænum hver var á ferðinni. Walker lét sér lengi nægja þennan bíl til að flytja sig á milli staða, þar sem hann kaus að tjalda við rannsóknir sínar. Ekki hefði sá farkostur staðist samanburð við fjalla-bíla nútímans, hvorki hvað verð eða útlit snerti, en það hindraði ekki sjórannsóknarstjórnandann að

ná þeim árangri, sem frægur hefur orðið. Það er trú mín að Walker muni hafa átt fleiri spor um óbyggðir og fjöll á Austur- og Suðausturlandi, eð aðrir menn fyrr og síðar.

Hann var fremur lágvaxinn, grannur og léttur í spori, trúlega hefur það gert honum auðveldara að komast leiðar sinnar um fjallatinda og torfærur. Þó hygg ég að brennandi áhugi fyrir verkefnum, fádæma þrautsegja og dugnaður, ásamt þeirri greind sem þurfti, hafi best skilað þeim árangri sem hér varð raun á.

Ég læt hér fylgja smá umsögn úr íslensku alfræðiorðabókinni um Walker: "Breskur jarðfræðingur og prófessor, stundaði rannsóknir á Austfjörðum 1955 - 64, sem juku mjög skilning manna á íslensku blágrýtis-mynduninni. Walker hefur skrifað fjölda greina um jarðfræði Íslands, einkum jarðlagagerð blágrýtismyndunarinnar á Austfjörðum, einnig zeólíta, eldfjalla- og gjóskulagafærði og jarðskorpuhreyfingar".

Ekki vissum við í byrjun hvað starf Walkers var viðamikil og merkilegt. Það var ekki fyrr en hann var oft búinn að koma og sýndi okkur jarðfræðikort af svæðinu sem hann var að gera, frábærlega fallega unnin, að okkur skildist að þarna væri um meiriháttar afrek að ræða. Einhvern tíma orðaði hann, meira í gamni en alvöru, hvað kílómetrarir væru orðnir margir sem hann var búinn að ganga við þessi störf. Það var ótrúlega há tala sem ég man því miður ekki. Hitt er víst að fjölskyldan á Hvalnesi á þessum árum, á margar og góðar minningar um prófessor

Walker. Hann var góður maður sem gott var að kynna, ekki leyndi sér að hann var einlægur Íslandsvinur. Sérstaklega fundust honum þó hinar dreifðu byggðir landsins og ekki síst Austur- og Suðausturlandið bera af öllu. Einhvern tíma orðaði hann að Ísland væri besta land í heimi.

Háskóli Íslands sýndi Walker þann sóma fyrir

fáum árum, að gera hann að heiðursdoktor og hafði hann sannarlega til þess unnið. Þá kom hann hér á Hornafjörð og heimsótti okkur á Hafnarbrautina. Rifjaðar voru upp minningar frá liðnum árum. Ég spurði hann hvort hann væri enn sömu skoðunar og fyrr um álit sitt á landi okkar. Það hafði ekkert breyst, en Nýja-Sjáland var líka orðið í miklum metum.

Mér verður stundum hugsað til þess, að Íslendingar mættu margir tileinka sér meiri virðingu fyrir landinu og mætti þá líta á mann eins og prófessor Walker sem fyrirmynd í þeim efnunum. Þá mundi hvorki peningahygga eða hagsmunapot gera það að verkum að land og þjóð ætti í hættu að týnast í einhverja botnlausu alþjóðahit.

Með þessum línunum fylgir lítil mynd sem Heimir Þór Gíslason tók af Walker, en þeir höfðu talsvert saman að sælda á árunum sem hér um ræðir. Ég vil taka það fram að fyrir orð Heimis voru þessar línur settar á blað. En þær eru örlítið brot af þeim minningum sem okkar fólk á um manninn Walker.

Prófessor Walker er kvæntur maður. Kona hans og börn komu með honum nokkrum sinnum og var ætíð ánægjuefni að fá þetta fólk í heimsókn. Stúdentar í jarðfræði, inn-lendir og erlendir, sem á eftir komu á þessar slóðir til jarðfræðiiðkana um árabíl, töldu sig allir njóta góðs af störfum hans og lærdómi, enda hafa jarðfræðirit hans verið notuð til kennslu í háskólum um víða veröld.

Við sem áttum heima á Hvalnesi og kynntumst honum þar, minnumst hans fyrst og fremst sem manns, er með framkomu sinni ávann sér virðingu okkar og þakk-læti. Þær minningar halda áfram að verma og gagna.

Valgerður Sigurðardóttir
Hafnarbraut 47
Hölm, Hornafirði

